

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2021-2022

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heildsöluverð áhrif á allar vörur sem aðildarfélög SAM framleiða.

Verðlagsnefnd búvara er skipuð samkvæmt 7. grein Búvörulaga nr. 99/1993. Verðlagsnefnd búvara var skipuð til tveggja ára frá 1. júlí 2020 til loka júní 2022.

Frá 2020 til 2022 er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Friðrik Már Baldursson, formaður nefndarinnar skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Hermann Ingi Gunnarsson og Herdís Magna Gunnarsdóttir, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands (BÍ), Pálmi Vilhjálmsson og Elín Margrét Stefánsdóttir tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Ragnar Árnason og Kolbrún Stella Indriðadóttir tilnefnd af félags- og jafnréttismálaráðherra.

Einnig var Hálfván Óskarsson tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fulltrúa minni vinnslufyrirtækja mjólkur sem áheyrnarfulltrúa í nefndina og hefur hann tillögurétt.

Verðlagsnefnd fundaði fimm sinnum árið 2021.

Í mars 2021 voru tveir fundir, sem lauk með ákvörðun um 3,77% hækkun á lágmarksverði 1. flokks mjólkur til bænda frá og með 1. apríl 2021. Jafnframt var tekin ákvörðun um að almennt heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækkaði frá 1. apríl 2021 um 3,47%. Samfara því var tekin sérstök ákvörðun um samtals 8,47% hækkun á smjöri og óbreytt verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti, en heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabíl og ójafnvægi er á milli eftirspurnar eftir fitu og próteini á markaði. Vegin hækkun heildsöluverðs var 3,68%.

Í nóvember 2021 voru þrjú fundir. Á síðasta fundi ársins 24. nóvember 2021 ákvað nefndin að lágmarksverð 1. fl. mjólkur til bænda hækki um 3,38% eða úr 101,53 kr./ltr í 104,96 kr./ltr. Jafnframt var tekin ákvörðun um að verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti verði óbreytt, en almennt heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki þann 1. desember um 3,81%.